

Sjötti fundur sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps, haldinn að Breiðabliki fimmtudaginn 11. maí 2023 klukkan 17:00.

Mætt eru: Sigurbjörg Ottesen, Herdís Þórðardóttir, Pröstur Aðalbjarnarson, Guðbjörg Gunnarsdóttir og Veronika G. Sigurvinsdóttir, sem ritaði fundargerðina.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Oddviti leitaði afbrigða á dagskrá fundarins og óskaði eftir því við fundarmenn að bæta við tveimur liðum og eru þeir númer 4 og 5 á dagskrá fundarins.

Samþykkt af öllum sveitarstjórnarmönnum.

1. Ársreikningur 2022, seinni umræða.

Halldóra Ágústa Pálsdóttir, KPMG, kom inná fundinn í gegnum fjarfundarbúnað og fór yfir óverulegar breytingar á ársreikningi frá fyrri umræðu. Halldóra fór yfir þau atriði sem var breytt frá fyrri umræðu.

Ársreikningur 2022 lagður fram. Samþykktur samhljóða.

2. Erindi frá Eggerti Kjartansyni f.h. óstofnaðs ehf. Drög að þjónustusamningi vegna Laugargerðisskóla og drög að húsaleigusamningi um atvinnuhúsnæði.

Drög að þjónustusamning og leigusamning rædd. Sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps samþykkir ekki þessi drög að samningum. Vakin athygli og ítrekuð bókun 4. liðar frá fundi sveitarstjórnar 14. apríl 2023 um skóla- og húsnæðismál í Laugargerðisskóla. Oddviti og varaoddviti falið að vera fulltrúar sveitarstjórnar í viðræðum við óstofnað ehf um þjónustu- og leigusamning, óski óstofnað ehf. og fulltrúar þess eftir frekari viðræðum.

3. Leigumál.

Oddviti falið að upplýsa íbúa í íbúðum í skólabyggingu Laugargerðis um gang mála.

4. Mál til afgreiðslu frá skipulags- og bygginganefnd.

a. Brekka við Brekkuhól – stofnun lóðar.

Lögð er fram að nýju umsókn um stofnun lóðarinnar Brekku við Brekkuhól (L-235514) í landi Borgarholts þar sem lóðarmörk hafa verið aðlöguð núgildandi sveitarfélagamörkum í samræmi við niðurstöðu fundar fulltrúa Eyja- og Miklaholtshrepps, Snæfellsbæjar og landeigenda.

Samþykkt samhljóða af sveitarstjórn.

b. Brekka við Brekkuhól – framkvæmdarleyfi fyrir veg.

Lögð er fram til afgreiðslu umsókn um framkvæmdarleyfi fyrir vegi að nýbyggingu í landi Brekku við Brekkuhól (L-235514) í landi Borgarholts. Vegurinn er að mestu byggður ofan á vegaslóða sem var til staðar á svæðinu áður.

Samþykkt samhljóða af sveitarstjórn.

c. Brekka við Brekkuhól – framkvæmdarleyfi fyrir vegaslóða.

Lögð er fram til afgreiðslu umsókn um framkvæmdarleyfi fyrir vegslóða í landi Brekku við Brekkuhól (L-235514) í landi Borgarholts. Vegslóðinn er að mestu byggður ofan á slóða sem var til staðar á svæðinu áður.

Samþykkt samhljóða af sveitarstjórn.

5. Fundargerð 44. fundar skipulags og bygginganefndar.

Fundargerð lögð fyrir fundinn. Samþykkt.

Ekki var fleira gert, fundargerð lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:45.

Sigurbjörg Ottesen - sign

Herdís Þórðardóttir - sign

Þröstur Aðalbjarnarson - sign

Veronika G. Sigurvinsdóttir - sign

Guðbjörg Gunnarsdóttir - sign